Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Kópavogsbær
Fannborg 6
200 KÓPAVOGUR

Reykjavík, 15. september 2023
Tilvísun: 2023090206

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog, mál nr. 0427/2023 í Skipulagsgátt

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt dags. 27. júlí 2023 þar sem Kópavogsbær óskar umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog, mál nr. 0427/2023 í Skipulagsgátt. HER hefur farið yfir tillöguna og gerir eftirfarandi umsögn.

HER gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á legu brúar yfir Fossvog en bendir á að staðsetning áningarstaðar við flugbrautarenda er ekki æskileg. Vegna uppkeyrslu flugvéla er hætta á þotublæstri sem getur valdið þeim sem þar stoppa óþægindum og jafnvel skaða ef sandur og möl rjúka upp. HER leggur því til af öryggisástæðum að umræddur áningarstaður verði fluttur eða hætt við hann.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Fullgild rafræn undirskrift
SVAVA SVANBORG STEINARSDÓTTIR
2023-09-15 14:04:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartún 12–14
105 Reykjavík